

Alþingi
Erindi nr. P 138/2290
komudagur 17.5.2010

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál.


Á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 11. maí s.l. var tekin fyrir tölvupóstur dags. 3. maí s.l., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, 582. mál. Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við samgöngunefnd Alþingis:

- Vaðlaheiðargöng.
Samkvæmt samgönguáætlun er gert ráð fyrir að ráðist verði í þetta verkefni með sérstakri fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Sveitarstjórn væntir þess að samkomulag náist við lífeyrissjóðina um þessa framkvæmd en vill benda á að til þess að væntanleg veggjöld verði innan skynsamlegra marka þurfi ríkið að leggja fram fjármuni til verksins. Í þessu sambandi er vert að geta þess að í tillögu að samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum framkvæmdum á Norðausturlandi á árunum 2011 og 2012, utan 50 millj. kr. framkvæmdar við snjóflóðavarnir við Sauðanes.
- Hjólreiða- og göngustígar.
Samkvæmt samgönguáætlun er engir fjármunir eyrnamerkir til hjólreiða- og göngustíga, líkt og gert er um reiðvegi. Sveitarstjórn undrast þetta sérstaklega ef horft er til nokkurra meginmarkmiða samgönguáætlunar s.s. um greiðari samgöngur (efling reiðhjólástíga með stígagerð), markmiða um umhverfislega sjálfbærar samgöngur, öryggi í samgöngum og jákvæða byggðapróun.
Eftirfarandi málsgrein er að finna í tillögu að samgönguáætlun:
“Hjólreiðastígaáætlun.
Fjárveiting tekur mið af að stórefla möguleika á notkun reiðhjóla sem samgöngugreinar á höfuðborgarsvæðinu með gerð áætlunar og til framkvæmda í stígagerð. Vísað er til heimildar í vegalögum, nr. 80/2007, til að veita fé af samgönguáætlun til almennra hjólreiða- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum samkvæmt sérstakri áætlun sem skal gerð að höfðu samráði við sveitarfélög. Reiknað er með að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði að undangengnum samningum þar um.”
Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhepps leggur áherslu á að horft verði út fyrir höfuðborgarsvæðið varðandi áætlanir og framkvæmdir í stígagerð s.s. til leiðarinnar frá Akureyri um Leiruveg og Vaðlareit norður Svalbarðsströnd vegna mikillar umferðar, þéttrar byggðar og útivistar.

Svalbarðseyri, 14. maí 2010

Virðingarfyllst,

F.h. sveitarstjórnar
Svalbarðsstrandarhepps


Arni K. Bjarnason, sveitarstjóri